

Sparisjóður Bolungarvíkur

Ársreikningur 2006

Sparisjóður Bolungarvíkur
Aðalstræti 14
415 Bolungarvík

kt. 610269-7379

Sparisjóður Bolungarvíkur

Ársreikningur 2006

Efnisyfirlit.

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra.....	2
Áritun endurskoðenda.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-17

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2006 að fjárhæð kr. 185.508 þús. og er hann færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé. Eignir sparisjóðsins í árslok 2006 voru alls kr. 6.571.779 þús. og heildarskuldir alls kr. 5.419.609 þús. Eigið fé nam því alls kr. 1.152.169 þús. sem er 17,53% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um sparisjóði er 24,29% en samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%. Bókfært virði rekstrarfjármuna, sem hlutfall af eigin fé er 6,5%.

Á rekstrartímabilinu hækkuðu innlán að meðtaldri lántöku úr kr. 3.371.718 þús. í kr. 3.789.434 þús. eða um 12,39%.

Heildarútlán námu í árslok kr. 3.518.417 þús. en voru kr. 2.856.566 þús. í árslok 2005. Útlán hafa því hækkað um 23,17%. Framlag í afskriftarreikning útlána er 63.430 þús. kr. en var 71.765 þús. kr. árið áður.

Á rekstrartímabilinu störfuðu að meðaltali 15 starfsmenn hjá sparisjóðnum og námu launagreiðslur samtals kr. 66.187 þús.

Stofnfjáreigendur eru 216 og stofnfé í árslok kr. 219.335.722.

Stjórn sparisjóðsins leggur til að greiddur verði 15% arður til stofnfjáraðila á árinu 2007 vegna ársins 2006. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum er vísað til ársreikningsins.

Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur og sparisjóðsstjóri staðfesta hér með ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Bolungarvík, 5. febrúar 2007

Í stjórn

Finnbogi Jakobsson
stjórnarformaður

Runólfur K. Pétursson

Ólafur Þ. Benediktsson

Stefanía Birgisdóttir

Snorri Sturluson

Sparisjóðsstjóri

Ásgeir Sólbergsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Bolungarvíkur.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Bolungarvíkur árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar nr. 1-30. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sparisjóðssins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í greiningaraðgerðum, úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sparisjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög, samþykktir sparisjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Bolungarvík, 5. febrúar 2007.

Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Jón Þorgeir Einarsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2006

	Skýr.:	2006	2005
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		26.124.461	16.757.979
Vaxtatekjur af útlánum		374.877.933	323.041.253
Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum		140.551.176	89.839.170
		<u>541.553.570</u>	<u>429.638.402</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld til lánastofnana		20.483.389	13.542.309
Vaxtagjöld af innlánum		286.006.075	161.655.407
Vaxtagjöld af lántöku.....		70.353.219	76.982.162
Vaxtagjöld af víkjandi lánum.....		10.039.134	15.402.060
Önnur vaxtagjöld		9.665.779	6.569.317
		<u>396.547.597</u>	<u>274.151.255</u>
Hreinar vaxtatekjur		145.005.974	155.487.148
Aðrar rekstrartekjur			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum		229.275.911	92.732.322
Þóknunartekjur		34.982.685	51.858.853
Þóknunargjöld		(12.209.361)	(19.643.559)
Gengishagnaður (tap) af annarri fjármálastarfsemi		48.571.104	76.337.253
Ýmsar rekstrartekjur		14.777.653	13.956.404
		<u>315.397.992</u>	<u>215.241.273</u>
Hreinar rekstrartekjur		460.403.965	370.728.421
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	28	84.439.194	79.695.843
Annar almennur rekstrarkostnaður		85.431.428	84.895.948
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	15	3.864.116	6.190.266
		<u>173.734.738</u>	<u>170.782.057</u>
Hagnaður fyrir framlag til afskriftareiknings		286.669.227	199.946.364
Framlag til afskriftareiknings útlána	9	63.430.044	71.765.050
Hagnaður fyrir skatta og óreglulega liði		223.239.183	128.181.314
Reiknaður tekjuskattur	22	(37.731.470)	(17.651.652)
Hagnaður tímabilsins.....		<u>185.507.713</u>	<u>110.529.662</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir	
		Skýr.	
		31. 12. 2006	31. 12. 2005
Sjóður og bankainnstæður			
Sjóður.....	2	9.231.882	10.136.324
Kröfur á lánastofnanir:	3		
Kröfur á lánastofnanir.....		<u>821.280.321</u>	<u>866.507.741</u>
		<u>830.512.203</u>	<u>876.644.065</u>
Útlán			
	4 - 9		
Útlán til viðskiptamanna.....		3.468.532.927	2.805.026.930
Fullnustueignir.....		<u>49.884.360</u>	<u>51.539.333</u>
		<u>3.518.417.288</u>	<u>2.856.566.263</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum			
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum.....	10 - 11	1.259.538.857	1.248.832.846
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum.....	12 - 13	346.418.690	465.628.775
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	14	<u>536.012.375</u>	<u>196.290.334</u>
		<u>2.141.969.922</u>	<u>1.910.751.955</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir:	15		
Fasteignir		67.960.661	69.914.480
Húsbúnaður og skrifstofuáhöld og bifreiðar.....		6.611.568	7.258.860
Ýmsar eignir.....		2.495.800	1.125.774
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur.....		<u>3.811.495</u>	<u>3.840.140</u>
		<u>80.879.524</u>	<u>82.139.254</u>
	Eignir	<u>6.571.778.936</u>	<u>5.726.101.536</u>

31. desember 2006

Skuldir og eigið fé			
	Skýr.	31. 12. 2006	31. 12. 2005
Skuldir við lánastofnanir	18	<u>1.302.276.169</u>	<u>1.151.716.433</u>
Innlán	19		
Óbundin innlán.....		1.314.856.901	862.794.133
Bundin innlán.....		<u>1.850.045.473</u>	<u>1.513.866.125</u>
		<u>3.164.902.375</u>	<u>2.376.660.258</u>
Lántaka	20	<u>624.531.676</u>	<u>995.057.736</u>
Aðrar skuldir			
Ýmsar skuldir.....		26.613.485	20.696.128
Áfallin gjöld og fyrirfram innheimtar tekjur.....		<u>10.799.689</u>	<u>9.648.391</u>
		<u>37.413.174</u>	<u>30.344.519</u>
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbindingar.....	23	105.126.000	95.587.000
Tekjuskattsskuldbinding.....	22	<u>104.253.994</u>	<u>64.556.820</u>
		<u>209.379.994</u>	<u>160.143.820</u>
Víkjandi lán	24	<u>81.106.054</u>	<u>75.811.569</u>
Eigið fé	25-26		
Stofnfé.....		219.335.722	160.583.955
Óráðstafað eigið fé		<u>932.833.771</u>	<u>775.783.246</u>
		<u>1.152.169.493</u>	<u>936.367.201</u>
Skuldir og eigið fé		<u>6.571.778.936</u>	<u>5.726.101.536</u>
Utan efnahagsreiknings			
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	29		
Framvirkir samningar.....	29		

Sjóðstreymi árið 2006

	Skýr.:	2006	2005
Rekstarhreyfingar			
Hagnaður ársins.....		185.507.713	110.529.662
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		3.864.116	6.190.266
Sölutap fastafjármuna.....		0	791.267
Framlag í afskriftareikning útlána		63.430.044	71.765.050
Verðbætur og gengismunur af eignum og skuldum.....		(13.540.161)	57.530.703
Gengisbreyting hlutabréfa og verðbr. með breytil. tekjum....		(21.285.926)	(159.084.945)
(Hagnaður)/tap af hlutdeildarfélögum		(214.970.500)	(77.881.677)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur.....		28.645	512.162
Áfallin gjöld, skattar ársins og reiknaðar skuldbindingar.....		50.387.472	29.187.687
Handbært fé til rekstrar		53.421.403	39.540.175
Fjárfestingahreyfingar			
Útlán, (hækkun)/lækkun.....		(503.219.889)	(106.840.231)
Aðrar bundnar kröfur á lánastofnanir, lækkun/(hækkun).....		309.999.420	24.000.632
Markaðsverðbréf, hækkun.....		(75.251.151)	(431.578.993)
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum		(1.263.005)	(747.439)
Seldir fastafjármunir.....		0	3.384.000
Kaupverð eignarhluta í félögum umfram söluverð.....		26.665.048	73.581.425
Ýmsar eignir, lækkun/(hækkun).....		(1.370.026)	(741.287)
Fjárfestingarhreyfingar		(244.439.603)	(438.941.893)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innlán og lántaka, (lækkun)/hækkun.....		232.455.914	21.997.189
Skuldir við lánastofnanir, (lækkun)/hækkun.....		195.172.774	354.892.783
Víkjandi lán, (lækkun)/hækkun.....		0	(93.416.835)
Ýmsar skuldir, (lækkun)/hækkun.....		5.917.357	(628.410)
Greiddur arður		(17.664.240)	(11.769.608)
Nýtt stofnfé		39.003.952	31.779.546
Fjármögnunarhreyfingar		454.885.757	302.854.665
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		263.867.558	(96.547.052)
Handbært fé í byrjun árs		266.644.325	363.191.377
Handbært fé í lok tímabils.....		530.511.883	266.644.325

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins og er gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

Skráning tekna

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikninginn eftir því sem þær falla til. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er tekjufærsla vaxta af þeim hætt. Fjárhæðartengdar tekjur sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð meðal vaxta, eftir því sem þær falla til.

Þóknunartekjur vegna þjónustu sjóðsins við viðskiptavina sinna eru færðar í rekstrarreikninginn á móti kostnaði við þjónustuna.

Veltuverðbréf eru færð á markaðsvirði og er breyting á virði þeirra ásamt arði af viðkomandi bréfum færð sem gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi. Hlutdeild í afkomu annarra félaga og arður af fjárfestingahlutabréfum er færður í rekstrarreikningi sem tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum.

Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok.

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánahættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag á móti almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánunum í efnahagsreikningi. Framlög á reikninginn eru færð í rekstrarreikningi en endanlega töpuð útlán að frádregnum innheimtum áður endanlega töpuðum útlánunum eru færð til lækkunar á afskriftareikningnum.

Markaðsverðbréf og eignarhlutar

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingaverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs.

Skýringar

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í lok árs. Óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sjóðnum og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað í nothæft ástand.

Fyrningar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Fyrningarhlutföll greinast þannig:

Fasteignir.....	2%
Aðrar eignir.....	15-33%

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Lífeyrisskuldbinding

Sparisjóðurinn hefur lagt til hliðar fjárhæðir til að mæta eftirlaunaskuldbindingum vegna starfsmanna. Skuldbindingin er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattur er reiknaður miðað við gildandi skatthlutfall.

Tekjuskattskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn sjóðsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hans.

Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli sbr. skýringu nr. 24.

Afleiðusamningar

Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sparisjóðsins, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en eftir lok tímabilsins eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikninga á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða markaðs- og útlánaáhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðasamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra geta meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Skýringar

Afleiðusamningar sjóðsins eru áhættuvarnarsamningar sem notaðir eru til að verja sjóðinn gegn vaxta- og gengisáhættu. Áhættuvarnarsamningar eru færðir með sama hætti og það sem varið er. Með afleiðusamningum sjóðsins er almennt stefnt að því að draga úr verð- gengis- og vaxtaáhættu sjóðsins. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrar- og efnahagsreikning. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar með kröfum á lánastofnanir, en samningar með neikvæða stöðu meðal skulda við lánastofnanir.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa. Útlánaáhætta endurspeglar tap sem sjóðurinn yrði fyrir ef mótaðili í afleiðusamningi gæti ekki efnt sinn hluta hans.

Framvirkir samningar um gjaldmiðla eru færðir í ársreikning sjóðsins á markaðsvirði í árslok.

Sjóðir og bankainnstæður

2. Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka greinast þannig, í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Sjóðir	9.232	10.136
Óbundnar innistæður í Seðlabanka Íslands	0	0
	<u>9.232</u>	<u>10.136</u>

3. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig, í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Kröfur á hlutdeildarfyritæki.....	817.506	850.677
Kröfur á aðrar lánastofnanir.....	3.774	15.831
	<u>821.280</u>	<u>866.508</u>

Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma, í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Gjaldkræfar kröfur	521.280	256.508
Allt að 3 mánuðir	300.000	610.000
	<u>821.280</u>	<u>866.508</u>

Útlán

4. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Yfirdráttarlán.....	344.050	363.728
Afurða- og rekstrarlán.....	208.795	192.916
Víxlar.....	3.380	3.668
Skuldabréf.....	2.912.308	2.244.715
	<u>3.468.533</u>	<u>2.805.027</u>

Skýringar

5. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum, í prósentum:

	31.12.2006	31.12.2005
Bæjar- og sveitarfélög	1,00%	0,94%
Fyrirtæki:		
Landbúnaður.....	1,89%	1,89%
Sjávarútvegur	31,67%	25,40%
Verslun	1,31%	1,01%
Iðnaður og byggingarstarfsemi	2,38%	5,78%
Þjónustustarfsemi	6,22%	4,84%
Einstaklingar, íbúðarlán og annað.....	55,53%	60,14%
	100,00%	100,00%

6. Útlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma í þúsundum króna:

	31.12.2006	31.12.2005
Gjaldkræfar kröfur	116.991	124.479
Allt að 3 mánuðir	542.487	549.009
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	419.453	391.806
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	1.388.315	902.858
Yfir 5 ár	1.001.287	836.875
	3.468.533	2.805.027

7. Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir til fullnustu krafna en í efnahagsreikningi eru þær sýndar eftir að tekið hefur verið tillit til framlags í afskriftareikning útlána.

8. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í árslok nemur kr. 56,8 milljónum króna og sundurliðast þannig, í þúsundum króna:

	31.12.2006	31.12.2005
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	67.525	65.242
Afskriftareikningur útlána	(33.943)	(51.265)
Önnur vaxtafryst útlán	23.219	70.169
Óvaxtaberandi útlán samtals	56.801	84.146

Skýringar

9. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Sparisjóðurinn hefur lagt á þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni.

Breyting afskriftareiknings útlána sundurliðast þannig, í þúsundum króna:

	Sérstakur	Almennur	31.12.2006	31.12.2005
Afskriftareikningur í ársbyrjun	51.265	52.000	103.265	228.885
Framlag í afskriftareikning	51.430	12.000	63.430	71.765
Endanlega töpuð útlán	(69.797)		(69.797)	(197.385)
Innkomin áður afskrifuð útlán	1.045		1.045	
Afskriftareikningur í lok tímabils.....	33.943	64.000	97.943	103.265
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum.....	1,00%	1,80%	2,80%	3,57%

Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

10. Markaðsverðbréf að fjárhæð um 83.969 þúsund króna koma til greiðslu innan árs frá uppgjörstegi.

11. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig í þúsundum króna:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuskuldabréf:		
Skráð í Kauphöll Íslands	385.158	385.158
Önnur skráð bréf.....		874.381
		1.259.539
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf alls		1.259.539

12. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig í þúsundum króna:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuhlutabréf og hlutdeildarskírteini:		
Skráð í Kauphöll Íslands	104.925	104.925
Önnur skráð bréf	20.320	20.320
Óskráð bréf		64.016
		189.261
Fjárfestingarhlutabréf og hlutdeildarskírteini:		
Óskráð bréf, sbr. skýringu 13.....		157.158
		157.158
		346.419

Skýringar

13. Sparisjóðurinn hefur fjárfest í nokkrum félögum, sem ekki eru skráð í Kauphöll Íslands. Eignarhlutarnir eru eignfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði og greinast þannig, í þúsundum króna:

	Eignarhlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Kreditkort hf.	0,45%	824	2.059	1.202
Greiðslumiðlun hf.	0,56%	665	2.495	5.499
S.P. fjármögnun hf.	2,37%		9.428	36.869
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf.....	3,96%		8.278	8.278
Íslensk verðbréf hf.....	3,22%	10.430	7.042	28.400
Sparisjóður Vestfirðinga, stofnfé.....	3,88%		6.624	6.446
Eignarhlutir í 11 öðrum félögum.....		48	49.082	70.464
		<u>11.967</u>	<u>85.008</u>	<u>157.158</u>

14. Sparisjóðurinn stendur að rekstri nokkurra félaga ásamt öðrum. Eignarhlutar í þessum félögum eru færðir á því verði sem svarar til hlutdeildar Sparisjóðsins í eigin fé þeirra og greinast þannig, í þúsundum króna:

	Eignarhluti:	Hagnaðar- hlutdeild:	Nafnverð:	Bókfært verð:
Sparisjóðabanki Íslands hf.	3,27%	184.550	22.560	388.758
Reiknistofa bankanna	0,35%	0	2.923	5.585
Fjárfestingafélag sparisjóðanna hf.....	4,72%	32.000	85.661	136.846
Tölvumiðstöð sparisjóðanna	2,43%	(1.580)	6.517	4.823
		<u>214.970</u>	<u>117.661</u>	<u>536.012</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

15. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig, í þúsundum króna:

	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Stofnverð 1.1.	98.790	23.365	122.155
Afskrifað áður	(28.876)	(16.106)	(44.982)
Bókfært verð 1.1.	<u>69.914</u>	<u>7.259</u>	<u>77.173</u>
Viðbætur	0	1.263	1.263
Afskrifað á tímabilinu	(1.954)	(1.910)	(3.864)
Bókfært verð í lok tímabils	<u>67.960</u>	<u>6.612</u>	<u>74.572</u>

Opinbert mat fasteigna Sparisjóðsins í lok tímabilsins var eftirfarandi, í þúsundum króna:

Fasteignamat	28.274
Brunabótamat	117.807

Skýringar

Kröfur og skuldir við hlutdeildarfélag

16. Kröfur og skuldir við hlutdeildarfyrirtæki greinast þannig í þúsundum króna:

	Eignir:	Skuldir:
Sparisjóðabanki Íslands	817.506	1.302.276
	<u>817.506</u>	<u>1.302.276</u>

Eignir og skuldir háðar gengisáhættu og verðtryggingu

17. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam um 2.515 milljónum króna í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma um 2.545 milljónum króna.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðli nam um 1.249 milljónum króna í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda á sama tíma nam um 1.099 milljónum króna.

Skuldir við lánastofnanir

18. Skuldir við lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma, í þúsundum króna:

	31.12.2006	31.12.2005
Allt að 3 mánuðir	145.621	1.151.716
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	1.156.655	0
	<u>1.302.276</u>	<u>1.151.716</u>

Innlán

19. Innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma, í þúsundum króna:

	31.12.2006	31.12.2005
Allt að 3 mánuðir	512.980	1.061.250
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	828.558	255.756
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	1.680.706	950.454
Yfir 5 ár	142.658	109.200
	<u>3.164.902</u>	<u>2.376.660</u>

Lántaka

20. Af skuldabréfum og víxlum sem Sparisjóðurinn hefur gefið út koma 32,4 milljónir króna til greiðslu innan árs frá uppgjörstegi.

Skýringar

Skattamál

21. Opinber gjöld til greiðslu á árinu 2007 vegna rekstartímabilsins, eru reiknuð og færð í ársreikninginn.
22. Tekjuskattsskuldbinding Sparisjóðsins nemur samkvæmt efnahagsreikningi kr. 104.254 þús. í lok ársins. Útreikningur skuldbindingarinnar byggir á mismuni efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum sjóðsins hins vegar. Mismunur sá er þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í reikningsskilum auk þess sem tekjur sjóðsins af hlutdeildarfélögum eru ekki skattskyldar.

	31.12.2006	31.12.2005
Skattskuldbinding í ársbyrjun	64.557	46.905
Endurmat á eignarhlut í Fjárfestngarfélagi Sparisjóðanna.....	1.966	0
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins	37.731	17.652
Áætlaður tekjuskattur til greiðslu	0	0
Skattskuldbinding í lok ársins.....	104.254	64.557

Tekjuskattsskuldbinding sjóðsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2006	31.12.2005
Varanlegir rekstrarfjármunir og fullnustueignir.....	5.581	5.442
Eignarhlutar í félögum	98.673	59.115
	104.254	64.557

Lífeyrisskuldbinding

23. Sparisjóðurinn ábyrgist verðtryggingu á lífeyrisgreiðslum til starfsfólks. Tekið er tillit til þess við gerð ársreikningsins og hefur verið myndaður sjóður vegna lífeyrisskuldbindinga sem færður er til skuldar í efnahagsreikningi. Við útreikning skuldbindingarinnar var miðað við að raunávöxtun umfram launahækkarnir verði 3%. Breyting skuldbindingarinnar á tímabilinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	95.587
Reiknaðir vextir og verðbætur	9.665
Greiddur lífeyrir	(2.119)
Breyting innan ársins.....	1.993
	105.126

Skýringar

Víkjandi lán

24. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins og reiknast til eiginfjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli, samanber skýringu 26.

Víkjandi lán námu 81,1 millj. kr. í lok ársins, höfuðstóll þeirra verður greiddur eftir 4-8 ár en vextir, sem eru 6,1%, greiðast árlega. Bréfin eru verðtryggð skv. vísitölu neysluverðs.

Eigið fé

25. Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins nemur stofnfé hans kr. 160.583.955 Stofnfjáreigendur voru 216 í árslok.

Yfirlit um eigið fé, í þúsundum króna:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári	160.584	775.783	936.367
Nýtt stofnfé	39.004		39.004
Innleyst stofnfé.....	0		0
Endurmat stofnfjár	19.748	(19.748)	0
Endurmat eignarhluta		8.955	8.955
Greiddur arður		(17.664)	(17.664)
Hagnaður tímabilsins		185.508	185.508
	<u>219.336</u>	<u>932.834</u>	<u>1.152.169</u>

26. Eigið fé í árslok er um 1.152 milljónir króna eða um 17,53% af niðurstöðutölu efnahagsreikningsins. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga um banka og sparisjóði er 24,29% en má lægst vera 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig, allar fjárhæðir eru í þúsundum króna:

	Bókfærð staða	Vegin staða
Áhættugrunnur:		
Bókfærðar eignir	6.571.779	3.721.364
Eignir til frádráttar eigin fé		(292.583)
Stöðuáhætta skuldaskjala og hlutabréfa		63.162
Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu.....		83.023
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings	48.516	<u>43.076</u>
Áhættugrunnur samtals		<u>3.618.042</u>
Eigið fé:	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Bókfært eigið fé	1.152.169	936.366
Víkjandi lán	81.106	75.811
Eignarhlutar í fjármálastofnunum	<u>(354.337)</u>	<u>(229.603)</u>
Eigið fé samtals	<u>878.938</u>	<u>782.574</u>
Eiginfjárhlutfall	24,29%	22,71%

Skýringar

Starfsmannamál

27. Starfsmannafjöldi Sparisjóðsins umreiknaður í heilsársstörf er sem hér segir:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu	15	15
Stöðugildi í lok tímabilsins.....	14	15
þar af við bankastörf.....	12	14

28. Laun og launatengd gjöld greinast þannig í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Laun	66.187	66.256
Launatengd gjöld	18.252	13.440
	<u>84.439</u>	<u>79.696</u>

Heildarfjárhæð ábyrgða og lána til stjórnarmanna og stjórnenda Sparisjóðsins voru í árslok 24,8 milljónir króna. Heildarlaun stjórnar sparisjóðsins var 4,3 milljónir króna og heildarlaun sparisjóðsstjóra voru 12,3 milljónir króna. Þóknun til endurskoðanda var 2,9 milljónir króna.

Utan efnahagsreiknings

29. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir á tékkareikninga. Nýttar yfirdráttarheimildir eru færðar í bækur sjóðsins en ónýttar heimildir og ábyrgðir greinast þannig í þúsundum króna.

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	48.516	88.692
Ónýttar yfirdráttarheimildir	165.732	189.473
Framvirkir samningar:		
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	124.157	104.562

Menningarsjóður Sparisjóðs Bolungarvíkur

30. Sparisjóðurinn lagði á árinu kr. 2.500.000 til Menningarsjóðs Sparisjóðs Bolungarvíkur samkvæmt ákvörðun stjórnar sparisjóðsins. Styrkir að fjárhæð kr. 2.500.000 voru veittir úr Menningarsjóðnum á árinu og voru þeir ógreiddir í lok ársins. Í árslok 2006 voru eignir sjóðsins kr. 6.178.105.